


NÝ



MENNTAMÁL

1. tbl. 2. árg. 1984

□ Útgefendur: Kennarasamband Íslands og Hið íslenska kennarafélag □ Ritstjóri: Hannes Ólafsson □ Ritnefnd: Anna Jóelsdóttir, Guðrún Bjartmarsdóttir, Heimir Pálsson, Ingvar Sigurgeirsson, Jón Baldvin Hannesson; varamenn: Helga G. Halldórsdóttir, Viðar Rósundsson □ Uppsetning: Ragnar Gíslason □ Prófkalestur: Bjarni Ólafsson □ Auglýsingar: Björg Jónsdóttir □ Skrifstofa: Grettisgata 89, Reykjavík; sími 91-20766 □ Litgreining: Myndamót □ Setning, filmuvinna, prentun: Prentúsið, Barónsstíg 11b, Reykjavík

EFNISYFIRLIT

	bls.
Drög að nýrri aðalnámskrá grunnskóla	6
Umsögn Andra Ísakssonar	7
Umsögn Þorvarðar Elíassonar	10
Umsögn Gests Guðmundssonar	14
Viðbrögð frá Herði Bergmann	18
<hr/>	
Um kennslu í Íslandssögu - Ragnheiður Jónsdóttir	22
Um forsendur sögukennslu - Ingólfur Á. Jóhannesson	27
Svona gerum við - Sigþór Magnússon	30
<hr/>	
Leiðir skóla til að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda	32
Austurbæjarskóli - Alfreð Eyjólfsson	34
Húnavallaskóli - Inga Þórunn Halldórsdóttir	37
Vesturbæjarskóli - Kristín G. Andréddóttir	40
Grunnskólinn Kópaskeri - Pétur Þorsteinsson	42
<hr/>	
* Vangaveltur - Jón Björnsson	48
Sögur úr skólastofunni - Björg Baldursdóttir	51
Bækur - Hannes Ólafsson - Steingrímur Þórðarson - Heimir Pálsson - Örlygur Richter - Loftur Guttormsson	52
Fréttir	61
Spurt og svarað og spurt - Valgeir Gestsson	62

Ljósmynd Gests Gunnarssonar á forsíðu er úr valgrein í vélfræði í Austurbæjarskóla.

Lesendur: Hafið samband við ritstjóra ef þið lúmið á góðum hugmyndum. Heimilisfang ritsins er að Grettisgötu 89, Rvík. Viðtalstími ritstjóra er föstudaga klukkan 10-12 árdegis. Sími 20766.

Það er ljóst að áhugi á uppeldis- og menntamálaumræðu er mjög mikill hér á landi. Um það vitna m.a. mikill fjöldi félaga áhugamanna um ákveðin málefni menntunar, umræðan um stöðu samfélagsfræðinnar, stofnun foreldrafélaga, útvarpsþættir og ráðstefnur. Félagar kennarasamtakanna hafa einnig marg-oft samþykkt ályktanir um nauðsyn tímarits á sviði menntamála.

Það framtak Kennarasambands Íslands og Hins íslenska kennarafélags að hefja, á síðasta ári, útgáfu Nýrra menntamála var því nokkurs konar rök-rétt afleiðing af þeirri umræðu sem hefur verið um uppeldis- og menntamál. Tímaritið hefur þó gegnt öðru hlutverki sem er e.t.v. ekki veigaminna. Það hefur einnig verið nokkurs konar prófsteinn á samstarf þessara tveggja kennarafélaga og er óhætt að fullyrða að samstarfið á þessum vettvangi, sem og annars staðar, hefur verið félögunum styrkur í þeirri sameiningu sem nú hillir undir.

En á sama tíma og Ný menntamál hafa styrkt samstarf kennarafélaganna þá hefur fjárhagslegur grundvöllur útgáfu tímaritsins veikt mjög. Þannig hefur allur kostnaður við vinnslu ritsins aukist gríðarlega á meðan framlag félagsmanna til þess hefur fylgt kaupgjaldsvisitölu. Vegna þess hve bilið milli verðlags og launa hefur breikkað þá hefur verið nánast ómögulegt að setja útgáfu ritsins fastar skorður. Þetta hefur verið ein orsök þess hve útgáfan hefur fram til þessa verið stopul og þó ætla megi að fjöldi áhugamanna hafi hug á því að gerast áskrifendur tímaritsins þá hefur óvissa um framtíð þess einnig komið í veg fyrir öflun áskrifenda.

Það má ætla að útgefendur tímaritsins marki því framtíð nú í sumar. Vegna hins mikla áhuga er ekki ástæða til að ætla annað en að þegar að því kemur að velja og hafna í ljósi þrengri fjárhags þá verði stefnt að því að gera veg þessa rits sem mestan. Hvort sem sú útgáfa verður í óbreyttri mynd eða ekki þá má því draga þá ályktun að Nýrra menntamála bíði ný og bjartari framtíð.

H.Ó.



Pétur Þorsteinsson
**Grunnskólinn
Kópaskeri:**

Áður en ég svara spurningu blaðsins tel ég nauðsynlegt að hafa nokkurn formála.

Þannig er að eftir aldarfjórðungs snudd í skólum er ég fullur efasemda um gagnsemi hefðbundinna skóla. Ég óttast að það sem raunverulega gerist innan veggja þeirra sé of oft hrein andstæða þess sem að var stefnt. Með þessu er ég ekki að áfella kennarastéttina og tæpast einstaklinga innan hennar, heldur sjálft skipulag skólans, regluveldið, og þó umfram allt það þetta net vanahugmynda sem samfélag okkar er fjötrað í. Ég er þess raunar fullviss að hin háleitu markmið laga og aðalnámskrár náist ekki innan hefðbundna skólans. Sé það í raun ætlun okkar, ekki aðeins á hátíðastundum heldur einnig í hversdagsleikanum gráa, verðum við skólamenn að setja hugmyndir okkar og starfshætti undir óvægið mat.

Skólar eru íhaldssamar stofnanir og breytingar á innra starfi gerast hægt. Tískustraumar geta vissulega haft þar skammvinn áhrif en raunverulegar altækar breytingar verða ekki fyrr en kennari eða kennarahópur hefur nægilega lengi strítt við efasemdir sínar um skólann og starf sitt til að hann sé reiðubúinn til að endurmeta hvort tveggja frá grunni og hefja óttalausa leit að nýjum skóla, sem í eðli sínu er frábrugðinn hefðbundna skólanum. Og hér eru engin gamanmál uppi. Við skulum ekki gleyma því að athuganir benda til þess að stór hluti, jafnvel þriðjungur, nemenda líti á skólann sem ónýtt tæki og raunar kvalræði. Að láta slíkt sem vind um eyrun þjóta er glæpur og er með eindæmum hve lengi hann hefur verið fyrirgefinn. Of lengi hefur okkur haldist uppi að fleygja tópurum út úr skólunum, of lengi höfum við látið okkur nægja að dýfa höndunum andartak í vatn. Nú

Kemur skólinn til móts við þarfir nemenda?

er ferskvatnið á þrotum og skólpið í þvottaskálinni mengað sárindum, hatri og ótta.



Hvaða leiðir eru þá helst farnar innan Grunnskólans á Kópaskeri til að nálgast anda grunnskólalaganna?

1. Við höfum reynt að skapa nýtt andrúmsloft. Við leggjum áherslu á að umgangast börnin sem jafningja, renna saman við hópinn. Við veitum börnunum mikil réttindi og fáum þeim þunga ábyrgð. Við treystum þeim til góðra verka í stað þess að höfuðsitja þau. Skólinn er þeirra hús og við viljum að þau noti það sem oftast og mest, komi með yngri systkini, foreldra, frændur og vini í heimsókn. Húsið er opnað kl. 8 að morgni og því er ekki lokað fyrr en kl. 7 að kvöldi. Stóran hluta dagsins hafa börnin húsið út af fyrir sig og eru þar ein við leik og starf. Þau hafa frjálsan aðgang að öllum gögnum og gæðum skólans, hvergi eru læstar dyr, enginn læstur skápur þar sem mistök þeirra eru geymd.

Með þessum samskiptaháttum höfðum við beint til ábyrgðartilfinningar hvers og eins. Hann breytir eins og hann breytir vegna þess að honum sjálfum finnst það sjálfsagt og annað ósæmilegt. Ég trúi því að agi sem kemur ofanfrá sé verri en enginn. Slíkur yfirborðsagi er í raun ekkert annað en hræsni og óheilindi. Hræðslugæði vil ég ekki sjá.



2. Við höfum reynt að tengja skólann við lífið utan hans. Ekki með því að gera tímabundnar útrásir úr virkinu og kalla þær vettvangsferðir, heldur með því að annars vegar að gera skólann að eftirsóknarverðum stað þar sem ungir og aldnir láta sér líða vel með börnum. Hins vegar með því að virða ýmiss konar dularfullan erindrekstur barnanna utan skólans. Það þarf að safna áskrifendum að blaði, kvelja auglýsingu út úr kaupfélagsstjóranum, sníkja timbur og sag hjá trésmiðjunni, fylgjast með rækjubátunum, taka á móti vini á flugvelli, útvega fyrirlesara á fjáröflunarsamkomu módelklúbbsins, taka þátt í öskudagsgleðinni á Akureyri og nota tækifærið til að taka viðtöl í því mæta menningarplássi. Það gefast óteljandi tilefni til að „verkefna“ svólítið utan skólans. Þessi dæmi eru mér nærtækust frá síðustu dögum. Með þessu viljum við undirstrika að skólinn er ekki undirbúningur fyrir lífið. Skólinn er lífið.

3. Glöggur maður hefur sagt að námskrá grunnskólans sé hlaðin hismi. Því er ég sammála. Við höfum skorið skyldunámsefnið miskunnarlaust niður og það sem eftir stendur köllum við kjarna. Kjarnann ákveðum við til einnar viku í senn og gætum þess vandlega að hann verði aldrei meiri en svo að allir geti örugg-



Frá Grunnskólanum á Kópaskeri.

Kemur skólinn til móts við þarfir nemenda?



Svipmyndir frá Grunnskólanum á Kópaskeri.



Kemur skólinn til móts við þarfir nemenda?

lega lokið honum, jafnvel þeir seinfærustu. Nemandinn ræður algjörlega hvenær í vikunni hann vinnur kjarnaverkefni og hefur nánast algjört sjálfðæmi um viðfangsefni sín þar fyrir utan. Valfrelsið knýr hann til að taka afstöðu til eigin athafna. Hann verður sjálfur að finna hvert forvitnin og starfslöngunin beinist. Hann verður sjálfur að þenkja um eigin hag og gera sér grein fyrir eigin þörfum.

Hann þarf kannski að gefa út blað, mála mynd, telgja kubb eða spila á píanó. Hann gæti líka þurft að semja lag, yrkja ljóð, æfa leikrit, skálda sögu eða smíða hristu. Kannski þarf hann að hoppa í París, spila borðtennis, lúra í heimakrók, skoða Andrésarblað, hlusta á Bubba eða ræða málin. Hugsanlega þarf hann að skrifa bréf, vinna aukaverkefni, grúska í landakortinu, skoða skuggamyndir, tefla. Hver veit nema hann þurfi að fræðast um Argentínu, haförnnin, eyðibýli á Melrakkaslétu eða kjarnorkuvá. Hann einn veit hvað hann þarf. Sumt tekst vel, annað miður.

Mistökinn eru engu síðri en sigrarnir vegna þess að

þekkingarleitinn er ekki bein braut, heldur látlaus glíma við flókinn heim. Mistök eru ekki það sama og tap.

4. Við viljum að börnin leysi sem flest mál upp á eigin spýtur. Komi til áfloga út af handboltasvæðinu verða þau sjálf að finna skipulag sem þeim hentar. Skorti aðstöðu fyrir tiltekið verkefni búa þau hana til. Séu þau ekki sjálfbjarga leita þau til okkar. Flesta daga koma allir saman í gryfju og skiptast þar á skoðunum. Slikir fundir geta staðið örstutta stund eða langan tíma, allt eftir eðli málsins.

Í gryfju hafa allir málfrelsi og tillögurétt og þar með aðstöðu til að móta sitt daglega umhverfi. Það trúum við að sé börnum hollara en undirgefni. Við viljum að þau skynji lýðræðisleg réttindi sín og virði annarra rétt. Lýðræðisleg vinnubrögð lærast aðeins í lýðræðislegu starfi.

5. Í lok hvernar viku framkvæma börnin sjálfsmat, þau meta sig og starf sitt, skólann og samskiptin

**Höfum mjög fjölbreytt úrval af spilum, sem þjálfar: athygli, flokkun
lita og forma, tölur og talnagildi.**

Einnig úrval annarra þroskaleikfanga.

Markmið verzlunarinnar er að þroska hug og hönd.



Spil frá
Ravensburger.
Heildsala – smásala.



BARNAVINAFÉLAGIÐ SUMARGJÖF

VÖLUSKRÍN

Sérverzlun með valin leikföng
KLAPPARSTÍG 26, 101 REYKJAVÍK, ÍSLAND, Sími 15135

®

Ravensburger

Kemur skólinn til móts við þarfir nemenda?

innan hans. Markmiðið er að þau skynji gerandahlutverk sitt og sjái sig og verk sín sem þátt í þeirri heild sem skólalífið er.

Þetta mat er enn á hreinu tilraunastigi og verður af þeim sökum ekki fjölýrt um það að sinni.

Mér hefur orðið tíðrætt um ábyrgðina og frelsið enda trúi ég því að í samspili þeirra sé merkilegur galdur fólgin. Glatist annað er hitt markleysa. Innan hefðbundna skólans er hvorki rúm fyrir raunverulegt frelsi né þörf fyrir djúprætta ábyrgð. Þar tel ég að mein hans liggi.

Það er lánið okkar manna að enn hafa uppeldisvísindin ekki fundið upp tæki til að mæla „innaníð“ í börnum. Meðan við búum að svo ágætu tækjaleysi erum við frjáls. Ekkert lausnarorð er til, engin rétt kenning. Það er það eina sem við vitum með vissu um uppeldi. Mitt svar við þessu dásamlega þekkingarleysi er leitin, við neyðumst til að hugsa sjálf, spyrja, prófa og upplifa. Það er gott að gera í félagi við börn. Við skulum ekki gleyma okkur við að smíða menn sem eru góðir á tölvur. Á tímum þegar höfuð okkar er undir öxinni er ekki síður þörf fyrir menn sem þekkja lifgrös.

Pétur Þorsteinsson
skólastjóri við Grunnskólann
Kópaskeri.



Pfaff 260

sterkbyggð saumavél fyrir skóla

Pfaff 260 er sú saumavél sem við mælum eindregið með til notkunar í skólum. Hún er byggð fyrir mikla notkun og er sérstaklega sterkbyggð.

Áralöng reynsla í skólum landsins hefur tekið af öll tvímæli um ágæti hennar.

PF AFF®